

Fundargerð.

Fundur stjórnar FMR miðvikudaginn 23. Janúar 2019.

Mættir: Sigríður Björnsdóttir, Katrín Heiðar, Sigríður Hermannsdóttir, Thor Aspelund, Geirlaug Alfreðsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir.

María Björk Kristjánsdóttir forvarnarfulltrúi og Bjarni Gunnarsson konrektor sátu með í byrjun fundar.

1)330 foreldrar eru búnir að borga Valgreiðsluseðlana það sem af er þessu skólaári. Enn eru að koma inn greiðslur. Sendir voru út 800 seðlar.

2)Rætt var í hvaða formi FMR gæti stutt við skólann og nemendur. Ýmsar hugmyndir komu upp eins og að bjóða upp á eina máltíð fyrir nemendur (hamborga, pizzur, pylsur). Fá jógakennara að koma inn í leikfímistíma og kenna slökun (Yoga Nidra). Bjarni og María Björk nefndu að það er til sjóður (Bræðrasjóður MR) sem styður nemendur sem eiga erfitt fjárhagslega að kaupa stúdentshúfur og fleira og að það gæti verið gott að fá stuðning frá FMR í sjóðinn. Best að gera það í samráði við Elísabetu rektor. Sigríður Björnsdóttir tekur að sér að hafa samband við hana.

3)Foreldrakvöld verður haldið mánudaginn 4. mars í sal skólans. Ragný er búin að hafa samband við Önnu Steinsen hjá KVAN sem mun verðar fyrirlesari kvöldsins. Hún mun hafa samband við hana í næstu viku og fá titill á fyrirlestrinum. Mikilvægt að hafa hann áhugaverðan svo að fólk gefi sér tíma að mæta og hlusta á hana. Ákveðið var að hafa einungis hana, stutt kaffihlé og síðan umræður á eftir. Auglýsing verður sett út á FB síðuna um leið og Ragný er búin að fá upplýsingar frá Önnu.

4)Árshátíðin verður 21.febrúar í Gullhömrum í Grafarholti, þarf 4-5 í gæslu. Vorboll, ekki komin dagsetning en verður í kringum 20. maí.

5)Hafa samband við Steinunni Maríu Stefánsdóttir sem sér um heimasíðu MR. Við getum sett út auglýsingar og annað frá skólanum á FB síðu FMR svo það nái til fleiri foreldra. Sigríður Björnsdóttir hefur samband við hana.

6)Laugardaginn 23.mars verður kynning í skólanum fyrir nýnema og Elísabet óskaði eftir að fulltrúar frá foreldrafélaginu væri í MR til að spjalla við foreldra og nemendur.

